



Til skóla- og frístundaráðs

Frá Helga Grímssyni, sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs

**Efni: Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins í borgarráði varðandi viðbrögð við erindum vegna skólahalds í Staðahverfi**

Svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins var send skóla- og frístundaráði til meðferðar en fyrirspurnin var lögð fram í borgarráði þann 15. ágúst 2019:

*Borgarfulltrúum hefur borist fjölda skeyta frá foreldrum sem lýsa andstöðu sinni á "breytingum á skólastarfi í Norðanverðum Grafarvogi" sem standa fyrir dyrum í Staðahverfi í samræmi við gildandi deiliskipulag og gildandi aðalskipulag hverfisins. Meðal raka er bent á að núverandi strætósamgöngur úr Staðahverfi yfir í Víkurhverfi eru ekki beinar og ekki allir árgangar munu eiga rétt á strætómíðum eða skólaakstri og munu börn því þurfa að ganga í skólann um kílómetraleið yfir 2 miklar umferðargötur þar sem ekki eru merktar gangbrautir og ekki umferðarljós. Fram hefur komið hjá íbúum að eftirspurn eftir húsnæði í hverfinu er strax byrjuð að minnka eftir að þessar fyrirhuguðu aðgerðir er varðar skólamálin spurðust út. Íbúar eru afar ósáttir og benda á að með því að nýta bæði húsnæði skólans betur væri hægt að laga vandamál sem staðið hafa árum saman vegna aðstöðuleysi frístundar í Kelduskóla Vík. Flokkur fólksins spyr hvað hyggst skóla- og frístundaráð gera í þessu máli og hvernig ætlar borgin að finna lausn sem íbúar/foreldrar geta sætt sig við?*

**Svar:**

Í ljósi þeirra miklu breytinga sem orðið hafa á nemendafjölda í einstökum starfsstöðvum grunnskóla í norðanverðum Grafarvogi á undanförunum árum ákvað skóla- og frístundaráð, á fundi sínum þann 12. mars 2019, að fela sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs að stofna starfshóp til að meta og útfæra tillögur um framkvæmd skóla- og frístundastarfs í núverandi skólahverfum Kelduskóla og Vættaskóla. Starfshópurinn var skipaður þremur fulltrúum frá skólaráðum úr hvorum skóla, þ.e. fulltrúa foreldra, kennara og stjórnanda auk framkvæmdastjóra frístundamiðstöðvar og fulltrúa skóla- og frístundasviðs, sem leiddu hópinn. Starfshópurinn skilaði inn skýrslu í júní með tveimur tillögum.

Tillaga 1 felur í sér tvo aðskóla fyrir börn í 1. – 7. bekk (Borgum og Engi) og unglingaskóla í Vík fyrir 8.- 10. bekk. Einnig felur tillagan í sér að skólahald verði aflagt í Korpu þar til fjöldi barna í 1.-7. bekk hafi náð 150 nemendum. Einnig kemur fram í tillögu 1 að umhverfisvænn skólaakstur verði fyrir börn í 1. – 4. bekk í Staðahverfi og þau börn sem þurfa að ganga lengra en 1,5 km leið í skóla- og frístundastarf. Einnig kemur fram að skilyrði fyrir breytingum á skólahaldi er að gerðar verði samgöngubætur til þess að auka umferðaröryggi gangandi og

hjólandi vegfarenda og til að tengja betur öll hverfi í norðanverðum Grafarvogi. Að undirgöng verði sett á valdan stað við Víkurveg. Gönguljós og þrenging götu verði sett á völdum stað við Mosaveg og að göngu- og hjólaleiðir verði einnig bættar til að gera skóla-, frístunda- og íþróttastarf aðgengilegra fyrir íbúa í öllum norðanverðum Grafarvogi. Einnig að skoða megi hvernig hægt er að bæta strætisvagnasamgöngur, t.d. með tíðari ferðum á milli hverfa, tímatöflu sem tekur tillit til þarfa nemenda á grunnskólaaldri og viðbótar stoppi á völdum stað nálægt mótum Mosavegar og Víkurvegar.

Tillaga 2 felur í sér þrjá aðskóla fyrir börn í 1. – 7. bekk (Borgum, Engi og Korpu) og unglingaskóla í Vík fyrir 8.- 10. bekk. Þessi tillaga miðast við að það verði fjölgun í nemendahópi Vættaskóla og mögulegri þéttingu byggðar í Staðahverfi. Skilyrði fyrir breytingum á skólahaldi í þessari tillögu er að gerðar verði samgöngubætur til þess að auka umferðaröryggi gangandi og hjólandi vegfarenda og til að tengja betur öll hverfi í norðanverðum Grafarvogi. Gönguljós verði sett upp og þrenging götu á völdum stað við Víkurveg og völdum stað við Mosaveg og að göngu- og hjólaleiðir verði einnig bættar til að gera skóla-, frístunda- og íþróttastarf aðgengilegra fyrir íbúa í öllum norðanverðum Grafarvogi. Einnig að skoða megi hvernig hægt er að bæta strætisvagnasamgöngur, t.d. með tíðari ferðum á milli hverfa, tímatöflu sem tekur tillit til þarfa nemenda á grunnskólaaldri og viðbótar stoppi á völdum stað nálægt mótum Mosavegar og Víkurvegar.

Tillögum sem fram koma í skýrslu starfshóps um framtíðarskipulag skóla- og frístundastarfs í norðanverðum Grafarvogi var vísað á fundi skóla- og frístundaráðs til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar. Óskað var eftir því að í umsögn verði meðal annars, með vísan til þess sem fram kemur í tillögu 2, fjallað um áform um þéttingu byggðar í Staðahverfi og lagt mat á raunhæfni og fýsileika þess að ráðast í uppbyggingu á þróunarsvæði í Staðahverfi sem styður við bindandi markmið gildandi aðalskipulags Reykjavíkurborgar. Auk þess var sérstaklega óskað eftir því að lagt verði raunhæft mat á tímalínu mögulegrar uppbyggingar. Um leið og sú umsögn hefur borist mun skóla og frístundaráð taka málið aftur til efnislegrar meðferðar og meta tillögurnar í ljósi sjónarmiða sem fram hafa komið og formlegra umsagna.